05.22

Fréttatilkynning frá KVENNALISTANUM:

KOSNINGAUNDIRBÚNINGUR ÞEGAR HAFINN

Kvennalistakonur víðs vegar af landinu háðu vorþing sitt í Garðalundi, Garðabæ helgina 22. - 24. júní sl.

Þar var m.a. fjallað um síðustu sveitarstjórnarkosningar og mögulegar orsakir þess, að Kvennalistinn fékk minna fylgi í þeim en vonir stóðu til, bæði á sérlistum og í framboði með öðrum. Staða Kvennalistans var rædd í ljósi þeirrar reynslu og hugsanlegar breytingar í áherslum og vinnubrögðum.

Úrslit kosninganna hafa ýtt við mörgum, og er mikill hugur í konum að efla starf Kvennalistans. Svo virðist sem í hugum margra sé nýjabrumið farið af Kvennalistanum, einkum þar sem önnur stjórnmálaöfl hafa tileinkað sér ýmislegt úr málflutningi kvennalistakvenna. Því er nauðsynlegt að koma sérstöðu Kvennalistans betur til skila, skerpa línurnar og efla tengslin út á við.

Kvennalistakonur á vorþingi voru á einu máli um það, að Kvennalistans væri þörf sem aldrei fyrr, hann hefði gefið hundruðum og þúsundum kvenna nýja von, ekki bara hérlendis, heldur einnig víða um heim. Ótvíræður árangur af starfi Kvennalistans er sívaxandi þátttaka kvenna á flestum sviðum þjóðlífsins. Aðstæður kvenna hafa hins vegar lítið batnað og allra síst í kjaramálum. Brýnt er því að herða róðurinn, og voru konur einhuga um, að launamálin væru sá málaflokkur, sem áfram þyrfti að leggja á megináherslu.

Myndaðir voru málefnahópar um launamálin, um atvinnustefnu, umhverfismál og EB með sérstöku tilliti til þess, hvaða áhrif þróunin í Evrópu hefur á hagi kvenna. Þessir málaflokkar verða forgangsverkefni í endurskoðun stefnuskrár Kvennalistans, en sú endurskoðun verður meginverkefnið fram að landsfundi, sem haldinn verður í Eyjafirði í nóvember.

Reiknað er með framboði Kvennalistans í öllum kjördæmum landsins í næstu alþingiskosningum, og var vorþingið fyrsta skrefið í undirbúningi undir þær kosningar.

Kvenna listinn